

3. fundur Ferðamálaráðs

3. júní 2015 kl. 11-13:30

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Þórey Vilhjálmsdóttir, formaður, Páll Marvin Jónsson, varaformaður, Halldór Benjamín Þorbergsson, Ásbjörn Björgvinsson, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Jón Ásbergsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Ásdís Kristjánsdóttir forstöðumaður efnahagssviðs SA, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Ólafur A. Jónsson sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, Kristín Huld Sigurðardóttir og Esther Anna Jónsdóttir frá Minjastofnun Íslands, Guðmundur Lúther Hafsteinsson frá Þjóðminjasafni Íslands, Andrés Arnalds frá Landgræðslu Íslands, Stefán Guðmundsson og Jón Geir Pétursson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Eydís Eyjólfssdóttir frá forsætisráðuneytinu og Ingvar Pétur Guðbjörnsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

1. Ásdís Kristjánsdóttir forstöðumaður efnahagssviðs SA - kynning á deiliahagkerfinu.

Ásdís fór yfir skilgreiningu á deiliahagkerfinu og þróun þess á heimsvísu og á Íslandi.

- Deiliahagkerfið er komið til að vera - hægt að deila nær öllu í neyslukörfu einstaklinga.
- Kostir deiliahagkerfisins eru þó nokkrir, eykur framleiðni, dregur úr sóun verðmæta, verndar umhverfið, ýtir undir nýsköpun og fjölbreytni, tilkoma framneyslu minnkar kostnað, viðskiptasaga er skráð, aukin og breytt samkeppni.
- Vaxandi deiliahagkerfi á Íslandi tengist örum vexti ferðamanna.
- Framboð á heimagistingum hefur samkvæmt tölum Hagstofu Íslands þrefaldast síðan árið 2009 en ýmislegt sem bendir til að tölur Hagstofunnar um framboð séu verulega vanmetnar. Ásdís telur að það séu rúmlega 4000 herbergi í boði sem flokkast sem íbúðagisting. Samkvæmt því er framboð á íbúðagistingu jafnt framboði á hótélrými í Reykjavík.
- Gagnrýni á deiliahagkerfið:
 - Ónógt eftirlit – svört atvinnustarfsemi.
 - Skipulagsmál – íbúar að víkja fyrir gistiheimilum.
 - Regluverk – of hátt flækjustig.
- Rætt um hvort að nýtt frumvarp um heimagistingu næði tilætluðum árangri. Bent á nýja breska löggjöf þar sem aðilum er heimilað að leigja eign í 90 daga.

Umræður ráðsins

- Miklir fjármunir sem að ríkissjóður er að verða af vegna skattsvika. Velt upp af hverju ekki er lagt meira í eftirlit.
- Deiliahagkerfið nauðsynlegt en þarf að vera uppi á borðinu.
- Mikið gang í umsögnum sem fylgja um starfsemina.
- Rætt um fasteignagjöld. Er mikill munur á fasteignagjöldum einstaklinga og vegna atvinnustarfsemi. Sveitarfélögin eru þá því töluvert að elta þessa starfsemi uppi til að breyta fasteignagjöldum.

Eftirfylgni

- Fá upplýsingar um hvernig eftirliti varðandi íbúðagistingu er háttað.

2. Hreinn Haraldsson forstjóri Vegagerðarinnar - sérstök úthlutun ríkisstjórnarinnar til vegagerðar.

- Er mikill áhugi hjá Vegagerðinni til að taka þátt í uppbyggingu ferðaþjónustu og er vegagerðin m.a tvisvar á ári með fasta fundi með SAF.
- Ekki nóg að huga bara að nýframkvæmdum heldur nauðsynlegt að fá fjármagn í viðhald á núverandi kerfi.
- Aukið fjármagn samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar skiptist svona:

- 500 milljónir fara í viðhald á Höfuðborgarsvæðinu og hringvegnum.
- Dettifossvegur, Kjósaskarðsvegur, Uxahryggir og Kaldidalur.
- Er vinnuhópur hjá Vegagerðinni við að skoða hvar þörf sé á úrbótum á áningarstöðum, bílastæðum, útskotum o.s.fv.
- Vegagerðin styrkir einnig rannsóknarverkefni:
 - Áhugaverðir staðir – hættulegir staðir (t.d. horft til norðurljósaskoðunar).
 - Áningarstaðir á Norðvesturlandi.

Umræður

- Aðgengi ferðamanna að Holuhrauni í sumar - Valgerður upplýsir að nú sé svæðið í umsjón Vatnajökulsþjóðgarðs og það muni koma betri upplýsingar á næstu vikum varðandi aðgengi að svæðinu.
- Vetrarþjónusta – niðurskurður og erfiðir vetur undanfarið hafa haft mikil áhrif á þessa þjónustu. Er sér liður á fjárlögum en undanfarin ár hefur ekki fengist aukið fé á fjárukalögum fyrir þessa þjónustu. Síðasta vetur var þó aftur vetrarþjónusta við gullna hringinn 7 daga vikunnar.
- Ástandið við Landeyjarhöfn – hefur verið mjög mikill sandburður um alla suðurströnd landsins og ekki alltaf gengið vel með dælingu við Landeyjarhöfn. Mikil ölduhæð líka haft áhrif. Áherslan á nýja ferju sem er hönnuð fyrir höfnina.
- Vegaframkvæmdir í uppsveitum Árnassýslu (Brúarhlöður - Flúðir upp að Gullfossi) – eru til áætlanir um þessa vegi en ekki komin ártöl á umbætur. Næst á dagskár á þessu væði er Reykjavegur.
- Hjólreiðastígar – Vegagerðin hefur verið að taka þátt í uppbyggingu hjólreiðastíga með sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi.
- Endurbætur á merkingum við þjóðveginn – ekki í gangi sérstakt átak í því en Vegagerðin reynir að fylgja eftir ábendingum um endurbætur.

3. Ákvörðun ríkisstjórnar um sérstaka úthlutun til uppbyggingar á ferðamannastöðum.

Fulltrúar frá Minjastofnun Íslands, Þjóðgarðinum á Þingvöllum, Umhverfisstofnun, Þjóðminjasafni Íslands, Landgræðslunni, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu fóru yfir þau verkefni sem ráðist verður í á árinu í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um sérstakt 850 milljón króna framlag til uppbyggingar á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón ríkisins.

Þá fóru fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins stuttlega yfir frumvarp umhverfis- og auðlindaráðherra um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Almennt var mikil ánægja með hversu langt fjárveitingin nær í að fara í allar þær framkvæmdir sem liggja fyrir á viðkomandi stöðum.

Umræður

- Spurt um strandminjar og vernd þeirra. Fulltrúar minjastofnunar fara yfir að það sé sérstakt verkefni sem þurfi að vinna að. Hafi hins vegar ekki fallið að skilgreiningu verkefna fyrir þessa sérstöku úthlutun enda liggja strandminjar undir skemmdum vegna ágangs náttúru en ekki ferðamanna.
- Bent var á að hvort að rétt væri að gera kort þar sem sagt er frá þeim verkefnum og þeim stöðum sem eru að fá fjármagn vegna þessarar sérstöku úthlutunar.

4. Önnur mál.

Ákveðið var að boða til fundar síðar í júní til að fara yfir stefnumótun í ferðaþjónustu.